

21. stjórnarfundur Leiknar, miðvikudaginn 21. maí 2008, kl. 09.00.
Haldinn í húsnæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í Skeifunni 8 í Reykjavík.

Mætt: Guðjónína Sæmundsdóttir, formaður, Hildur Elín Vignir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, Finnur Gunnþórsson og María Hildipórsdóttir. Hulda Ólafsdóttir og Emil Björnsson boðuðu forföll.

Dagskrá:

- 1) Verkaskipting stjórnar. Samþykkt að Hulda Ólafsdóttir verði varaformaður, Ingibjörg Guðmundsdóttir verði ritari og Hildur Elín Vignir verði gjaldkeri.
- 2) Erindi frá NVL. Samþykkt var vað leita eftir nánari skilgreiningu á hvers konar aðila er verið að leita að áður en tilnefning fer fram. En Íðan hefur sýnt áhuga á að tilnefna fulltrúa og Finnur lýsti yfir áhuga Námsflokka Hafnarfjarðar.
- 3) Umsögn vegna íslenskunámskrá. Guðjónína sendi út á félagsaðila ósk um umsagnir vegna íslenskunámskrárinnar, sem birt er á vef menntamálaráðuneytisins. Ekki hafa borist svör enn þá. Umræður urðu um þessi málefni. Mikilvægt er að vel sé tekið á móti útlendingum og þeim bjóðist góð og ódýr íslenskukennsla sem mætir þörfum ólíkra hópa. Gott að fá námsskrá til að styðjast við, en nauðsynlegt er að hún sé í sífældri endurskoðun og hugað sé jafnframt að þeim hópum sem eiga erfiðast með að tileinka sér tungumálið. Jafnframt þarf að huga að mismunandi menntunarstigi innflytjenda, þar sem þeir eiga misauðvelt með að tileinka sér námið. Engu að síður er fagnaðarefni að ráðuneytið er að sinna þessum málum og koma að þeim með öflugri hætti. Mikilvægt er að finna leiðir til að útbúa fjölbreytt námsefni með námsskránni sem m.a. gæti verið á vef.
- 4) Fundur vegna íslenskukennslu á vegum menntamálaráðuneytisins. Ráðuneytið ætlar að kynna greinargerð sína um íslenskukennslu. Auk þess verða innlegg frá SA, ASÍ, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og óskað er eftir innleggi frá Leikn. Sagt verður frá niðurstöðu könnunar hjá fræðsluaðilum. Fundurinn er 3. júní kl. 14-16. Samþykkt var að leita til Mímis-símenntunar um innlegg frá Leikn.
- 5) Fjölgun félaga Leiknar. Rætt hefur verið um fjölgun félaga í samtökunum og talið æskilegt að stækka samtökin til að auka virkni þeirra. Formaður leggur til að fyrst sé rætt um hvaða aðilar eigi erindi, en síðan þarf að breyta samþykktum, sem eru fremur þröngar. Hafa þarf í huga hvaða árangri starfið á að skila. Samþykkt var að halda umræðunni áfram á næsta fundi.
- 6) Önnur mál: Næsti fundur ákveðinn 3. júní kl. 10.00 -12.00.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 10.30.